

Fundinn sátu:

Ingunn Ýr Angantýsdóttir
Helga Jóhannsdóttir
Hafdís Rán Brynjarsdóttir
Arnór Ísfjörð Guðmundsson
Marsibil Katrín Guðmundsdóttir

Dagskrá fundarins:

- Í byrjun ágúst var styrkur var veittur fyrir miðnætursund í Ólafsvík að upphæð 150.000 kr. Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi óskaði eftir styrknum.
- Jólatónleikar – Hugmyndir af tónlistarmönnum ræddar fram og til baka, upp komu nöfn eins og: Sigurður Guðmundsson, GÓSS, Guðrún Árný, Friðrik Ómar, Hera, KK og Ellen, Stefán Hilmars. Hugmynd um að hafa samband við Baggalút og láta fólk borga sig inn á tónleika.
- Hugmynd rædd um að hafa jólaþorp og jólatónleika sömu helgina og jafnvel stíla inn á sömu og helgi og kveikt yrði á jólatréinu. Fá upplýsingar hjá Kristfríði Rós um nánari dagsetningu á því. Hugmynd um að hafa jólaþorp á efri hæð REKS.
- Barnamenningarhátíð – þörf er á betri upplýsingum um barnamenningarhátíðina nk. september 2022. Heimir ætla að upplýsa núverandi nefnd um þessi mál, en komst því miður ekki á fundinn.
- Menningarstefna Snæfellsbæjar – þörf er á skýrari sýn á starfssemi nefndarinnar. Leggjum til að bæjarstjórnin útbúi menningarstefnu Snæfellsbæjar. Safnamál bæjarins eru óljós – rætt var um að setja upp málverkasýningu á málverkum í eigu Snæfellsbæjar, jafnvel í samstarfi við fólkið sem keypti Blómsturvellu eða Hvítahúsið hjá Elvu Hreiðars.
- Dagsetning næsta fundar ákveðin – 13. september 2022 kl 14:00.